er hann vill; sýðan semur hann hana
í álög meðan hún lifir.—
15: Nú er máunður til þess að allar meyjar
skulu saman koma, og gjörir hann þá mik-
-la veizlu; seigja menn, að hann velji nú ei-
ga Blankiflúr; enn þeim meyjunum er öngv
jafnfríð, og eingvar þjónustu þyggur ha-
-nn jafnvel, og alla sína elsku leggur
hann til Blankiflúr. og aldrei hyggur
hann að sá dagur muni koma, er hann
skal hana taka, og hina drepa, er nú
hefur verið þessa 12. mánuði. Enn Flór-
-es svarar þá: miskunnar bið eg þig,
því að faðir minn drepti, ef svo verður;
vild eg gjarna að hún vissi hvar jeg er;
gódur húsbóndi, seigir hann, hvað skal
jeg aðhafast? eða hvað varðar, þótt eg
láti lífið, er jeg skal ekki hana finna;
-enn sýðan er hún veit það. elskar hún
hann aldrei, og fyrir dregur hún sig sjálf.
Þá mælti Darés: sje jeg, að þú hirðir lítt
umm líf þitt, ef þú mættir hana finna
mun eg seigja nú mitt ráð: í margin mun-
-tu gánga til turnsins, og lát sem þú sjert
hagur, og mæl með fötumm, hvursu lángur
er; mun dirvörðurinn illur í sjer, og mun
spurja, því þú gjörir þetta; seig, að þú vil-
-jir gjöra annann eftir; og er hann heirir
þig svo riddaralega ummtala, þá mun hann
vilja eiga við þig fleira og bjóða þjer að tef-
-la við sig, og haf með þjer 100da merkur
brendts silfurs og legg við. enn leik ekki
utan það, því að með þeim mátta blekkja
hann. ef svo er sem jeg ætla, og ef þú fær
taflið. gjef honumm aptur, og það með
er þú hafðir, og seig, að þjer þikir lítils
umm slíkt vert; enn hann mun ríkuglega
þakka þjer; annann dag skaltu koma,
og haf með þjer 100da merkur gulls og gj-
-öra sem fyrra dag. gjef honumm hvoru
tveggji; mun hann þá taka að elska þig.
og mun biðja þig um koma, "sakir þess,
að mjer þikir þú gódur madur. enn mig sk-
-ortir hvorki gull nje silfur, og vil jeg
gjefa þjer, því að þú hefur við mig hunkið
slegið gjört".—
16: Enn fyrsta morgininn haf með þjer